

Jóhannes Áskelsson, jarðfræðingur

— Minningarorð —

Hver af öðrum deyja þeir fyrir aldur fram íslenzku vísindamennirnir. Ýmsar orsakir liggja til þessa og ein þeirra er án vafa ofvinna. Að minnsta kosti er lítill vafi á því, að ofvinna hefur stýtt að einhverju leyti líf þeirra tveggja náttúrufræðinga, sem Menntaskólinn í Reykjavík hefur orðið að sjá á bak með fárra ára millibili.

Jóhannes Áskelsson, jarðfræðingur, varð bráðkvaddur á heimili sínu, að Sólvallagötu 22 í Reykjavík, mánudagskvöldið hinn 16. janúar 1961. Banamein hans var hjartasjúkdómur, sem hann hafði þjáðst af um nokkurra ára skeið. Hann unni sér aldrei þeirrar hvíldar, sem hann hefði þurft vegna sjúkdóms þessa, en var sívinnandi fram á síðasta ævidag.

Jóhannes fæddist 3. ágúst 1902 í Austari-Krókum, nyrsta bæ í Fnjóskadal, og voru foreldrar hans Áskell Hannesson, bóndi, sem síðar bjó á Skuggabjörgum í Dalsmynni, og kona hans Laufey Jóhannsdóttir, bónda á Skarði í Dalsmynni. Jóhannes innritaðist í I. bekk Gagnfræðaskólans á Akureyri 1918 og tók þar gagnfræðapróf 1920 (hljóp yfir II. bekk). Hann innritaðist í IV. bekk stærðfræðideildar Menntaskólans í Reykjavík 1922, tók stúdentspróf vorið 1925 og innritaðist veturinn eftir í Hafnarháskóla, þar sem hann hugðist stunda nám í náttúrufræði, með jarðfræði sem sérgrein. Jarðfræðin átti þá þegar huga hans allan, en námstilhögun við Hafnarháskóla var þá enn með hálfgerðu miðaldasniði, án nokkurs frjálsræðis um val aukanámsgreina með aðalnámsgreininni. Með núverandi tilhögun jarðfræðináms í Höfn hefði Jóhannes vafalítið lokið þar mag. scient. prófi, en hann settist að heima 1931 án þess að hafa náð því stigi, enda fjárhagurinn þröngur. Á háskólaárunum vann hann að nokkru fyrir sér með skrifstofustörfum hjá Jóni Sveinbjörnssyni, konungsrítara. Hann hafði þó við heimkom-

una aflað sér góðrar undirstöðumenntunar bæði í grasafraeði, dýrafraeði og jarðfraeði. Í sumarleyfum sínum hafði hann unnið að jarðfraeðirannsóknum hér heima. M. a. ferðaðist hann um Ódáðahraun sumarið 1937, ásamt þýzkum fræðimönnum, W. Lamprecht og Dr. E. Sorge, og kleif í þeirri ferð Herðubreið h. 22. júlí, ásamt Sorge, en það fjall var klifið í fyrsta sinn af þýzka eldfjallafræðingnum Hans Reck og fylgdarmanni hans, Sigurði Sumarliðasyni, h. 13. ágúst 1908. Var Jóhannes annar Íslendingurinn, sem kleif Herðubreið. Sumarið 1929 mældi hann hvarfleirssnið austur í Hreppum, á svipuðum stað og Sviinn H. Wadell hafði mælt hvörf 10 árum áður, og á nálægum svæðum. Mælingar Jóhannesar vöktu mikla athygli á sínum tíma, því þær þóttu renna stöðum undir þá skoðun sænska jarðfræðingsins fræga, Gerard De Geers, að s. k. firðtengingar (telekonnektioner) hvarfleirssniða milli fjarlæggra landa væru mögulegar.

Eftir heimkomuna 1931 hlóðust brátt á Jóhannes umfangsmikil kennslustörf í náttúrufræði, svo umfangsmikil, að enginn hefur hér nokkru sinni kennt jafnmargar stundir á viku í þeirri fræðigrein. Hann var stundakennari við Kennaraskólann 1931–32 og aukakennari þar frá 1934 til dauðadags. Stundakennari við Gagnfræðaskólann í Reykjavík 1932–34, við Kvennaskólann 1934–44, og kennari við Menntaskólann í Reykjavík frá 1932 til dauðadags, en yfirkennari þar frá 1950. Hann rækti kennslustarf sitt af stakri alúð, skyldurækni og samvirkusemi, löngum við erfiðar aðstæður um kennslu, því það er kunnara en frá þurfi að greina, hve illa er búið að náttúrufræðikennslunni við skóla héraendis. Það þarf miklu meira en meðal manns atorku og starfsþrek til að annast jafnumfangsmikla kennslu í þrjá áratugi, en þó var þetta aðeins annar þátturinn í ævistarfi Jóhannesar. Hinn þátturinn, engu þýðingarminni, og sá sem lengur mun halda nafni hans á lofti, var vísindastarf hans, en í jarðfræðirannsóknir fóru nær öll hans sumarleyfi og þær fáu frístundir aðrar, sem hann átti frá kennslu. Sú sérgrein jarðfræðinnar, sem hann hafði sérmenntað sig í, og sem hann sinnti löngum mest, var steingervingafræðin, og rannsakaði hann jöfnum höndum dýrasteingervinga (skeljalög) og plöntusteingervinga. Framan af árum rannsakaði hann einkum steingervingalög frá Kvartertímanum og Plíócen, svo og „subfossil“ skeljalög, og fetaði því einkum í fótspor Helga Péturss og Guðmundar G. Bárðarsonar. Ber einkum að geta

rannsókn hans á lögnum í Brimlárhöfða (Stöðinni) norðan á Snæfellsnesi, en hann bætti mjög um þekkingu á þeim lögum og fann þar ekki aðeins sjávarmenjar, heldur einnig plöntuleifar, bæði blaðför og frjó. Síðustu áratuginna beindust steingervingarannsóknir hans einkum að tertíeru surtarbrandsflórinni. Hann dvaldist í Skotlandi veturinn 1944/45, á vegum British Council, til að kynna sér nýjar rannsóknaraðferðir á þessu sviði, einkum frjógreiningu, og beitti hann þeirri aðferð síðar með góðum árangri. Honum tókst smásaman að finna allmargar plöntutegundir í surtarbrandslögnum, sem áður voru óþekktar hérlendis, og hefur enginn einn maður aukið meir þekkingu okkar á íslenzku surtarbrandsflórinni síðan Oswald Heer rannsakaði hana fyrir heilli öld. Eru þó allar aðstæður til slíkra rannsókna mjög erfiðar hér á landi, þar eð hér eru engin söfn steingervinga til samanburðar, engir sérfræðingar til að ráðfæra sig við, og tilfinnanlegastur þó skorturinn á vísindatækjum og vísindaritum. Jóhannes vandaði mjög til ritgerða sinna um surtarbrandsflórana og myndir þær, sem í þeim birtust, eru samþæfilegar við það bezta, sem erlendis birtist um hliðstætt efni. Rannsóknir Jóhannesar á surtarbrandsflórinni hnektu þeirri skoðun Heers, að surtarbrandurinn íslenski væri aðallega frá Míócen-tíma og staðfestu þann grun, byggðan á nýrri rannsókn surtarbrands á Bretlandseyjum og Svalbarða, að þessi lög væru aðallega frá Eócen.

Ein af síðustu ritgerðum Jóhannesar fjallaði um skeljalög í móbergi í Skammadal í Mýrdal, sem hann rannsakaði ásamt Einari H. Einarssyni bónda á Skammadalshóli. Er þetta gagnmerk ritgerð og dregur höf. þá ályktun af rannsóknum sínum, að yngsta hluta hinna eiginlegu Tjörneslaga, *Cardium grönlandicum* lögin, beri að telja til Kvartertímans, en ekki til Plíócen.

Í marzlök 1934 hófst eldgos í Grímsvötnum ásamt jökulhlaupi á Skeiðarársandi. Jóhannes Áskelsson var, ásamt Guðmundi Einarssyni, fyrstur á vettvang, meðan gosið var enn í fullum gangi, og fór síðan aðra ferð til Grímsvatna, sama vor, ásamt Niels Nielsen, landfræðingi frá Kaupmannahöfn. Sumarið eftir fór hann enn tvær ferðir til Grímsvatna, þá fyrri með Dr. Trausta Einarssyni, sem gerði kort af Grímsvötnum og Skeiðarárjökli, þá síðari með Kristjáni Skagfjörð og Tryggva Magnússyni og gengu þeir frá Hoffelli allt til Kverkfjalla, en þaðan til Grímsvatna og suður í Fljótshverfi,

en hinar ferðirnar þrjár voru farnar upp úr Fljótshverfinu. Með þeirri farartækni, sem þá var beitt í Vatnajökulsferðum: að draga farangur allan á sjálfum sér, var það ærin þrekraun að fara í fjórar Grímsvatnaferðir á tveimur árum, en Jóhannes var hörkuduglegur göngugarpur framan af árum. Árangurinn af þessum Grímsvatnaferðum birti hann aðallega í ritinu: On The Last Eruptions in Vatnajökull, sem Vísindafélag Íslendinga gaf út 1936. Enn fór Jóhannes til Grímsvatna haustið 1945, til að kanna vegsummerki eftir nýafstaðið Skeiðarárhlaup. Síðasta frumritgerðin, sem hann birti, fjallar um athuganir hans í þeirri ferð. Jóhannes varð fyrstur manna til að vekja athygli á því, að stöðugt hitaústreymi frá brennisteins hverum undir íshellu Grímsvatnakvosarinnar ætti sinn þátt í vatns söfnun þar milli gosa, og hafa síðari rannsóknir staðfest að fullu þá skoðun. Rannsókn Jóhannesar á Vatnajökli leiddi einnig margt í ljós um Grænalón og jökulhlaupin úr því, en Grænalón athugaði hann í ferðunum með Niels Nielsen og Trausta Einarssyni.

Við rannsókn sína á steingervingalögum á Snæfellsnesi hreifst Jóhannes af hinni margbrotnu náttúru þessa náttúrufagra skaga og varði síðar miklum tíma til almennra jarðfræðilegra rannsókna þar um slóðir. Hafði hann að mestu lokið við að gera jarðfræðilegan uppdrátt af Snæfellsnesi öllu, er hann féll frá, og mun hann koma að góðu gagni við teiknun jarðfræðikortsins af Miðvesturlandi, sem Guðmundur Kjartansson vannur að á vegum Náttúrugripasafnsins. En því miður vannst Jóhannesi ekki aldur til að skrifa þá jarðfræðilegu lýsingu Snæfellsness, sem hann vann að. Af öðrum ritgerðum Jóhannesar jarðfræðilegs efnis er einkum að geta ritgerðar um Kerlingarfjöll þar sem hann setur fram þá sennilegu skoðun, að þessi líparítjöll séu einskonar bergstöpull, sem ýtt hafi upp á yfirborð jarðar, og ritgerðar um Eldborg á Mýrum, sem hann birti í því hefti Náttúrufræðingsins, sem helgað var 100 ára afmæli Þorvalds Thoroddsens. Ritgerð átti Jóhannes í fórum sínum, sem aldrei komst á prent, og fjallar hún um líparítöskulög í Skagafirði og mun skrifuð áður en undirritaður og Hákon Bjarnason tóku að birta ritgerðir um öskulagarannsóknir. Sýnir þessi ritgerð, að Jóhannesi var vel ljós þýðing öskulagarannsókna fyrir pósthlasála jarðsögu Íslands.

Svo sem sjá má af þessu stutta yfirliti hefur Jóhannes víða komið við í jarðfræðirannsóknum sínum og má vera, að hann hafi

með því drepið kröftum sínum um of á dreif, en sízt sæti það á þeim, er þetta ritar, að álasa honum fyrir það. Raunverulega er það sem hann áorkaði um jarðfræðirannsóknir ótrúlega mikið, einkum ef þess er gætt, að aðalstörf hans, kennslustörfin, voru ein sér miklu meiri en fullt starf meðlmanns. Og öll hans vísindastörf bera einkenni þeirrar natni, vandvirkni og samvirkusemi, sem ætíð var hans aðal.

Jóhannes var formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags 1942–1945 og 1958–1960; og flutti mörg erindi í því félagi og leiðbeindi á fræðsluferðum. Hann var ritstjóri Náttúrufræðingsins 1942–1945. Vísindafélag Íslendinga kaus hann féлага 1940.

Jóhannes Áskelsson kvæntist 12. des. 1936 Dagmar Eyvindsdóttur útfararstjóra í Reykjavík Árnasonar. Lífir hún mann sinn, ásamt syni þeirra, Erni og stjúpyni, Gunnari Magnúsi. Heimili þeirra hjóna var mikið myndarheimili og gestum tekið þar af mikilli rausn. Var frú Dagmar manni sínum ágæt stoð í hvívetna í hans erilsama starfi.

Jóhannes Áskelsson var alla tíð maður dulur og hlédrægur, viðkvæmur í lund og þó fylginn sér, ef því var að skipta, fámáll fremur á mannamótum, en glaðværandi í fárra hópi og brá þá oft fyrir sig notalegri, góðláttri kímni. Hann var sérstaklega vandaður maður til orðs og æðis og vildi aldrei vamm sitt vita í neinu.

Síðastliðið sumar var farin alþjóðleg fræðsluferð jarðfræðinga um Ísland í sambandi við alþjóðþing jarðfræðinga í Kaupmannahöfn. Jóhannes Áskelsson var einn þeirra, er sæti áttu í undirbúningsnefndinni, og tók þátt í ferðinni með það aðalhlutverk, að sýna útlendingunum steingervingalögin á Tjörnesi, í Stöðinni og í Skammadal. Hann undirbjó þetta af sinni einstöku samvirkusemi.

Jarðfræðingarnir fóru frá Mývatni um Dettifoss og Ásbyrgi til Tjörness og komu þangað í úrhellisrigningu og slagviðri. Þar beið Jóhannes við veginn í bíl sínum, syðst í Breiðuvík. Og þangað hafði hann tekið með sér helztu einkennistegundir Tjörneslaganna, snyrtilega innpakkðar, svo að hver sem vildi gat fengið skeljar með sér til minja, og þar flutti hann stutt erindi um lögin og þýðingu þeirra. Ég sé enn fyrir mér svipinn á Jóhannesi þar sem hann stóð þarna í rigningunni og fræddi hina erlendu jarðfræðinga um hugðarefni sín. Hann bókstaflega ljómaði af áhuga og frásagnar-

gleði. Þarna var hann í sínu rétta umhverfi. Í þessum hópi naut hann sín. Þannig vil ég minnst jarðfræðingsins Jóhannesar Áskelssonar.

Ritskrá Jóhannesar Áskelssonar

Tekin saman af S.Þ.

- 1927: *Gengið á Herðubreið*. Lesbók Mbl. 2:363–364.
- 1929: *Nogle islandske Varvprofiler*. Medd. dansk geol. Foren. 7:365. Útdráttur úr fyrirlestri).
- 1930: *On two Varve Diagrams from Iceland*. Geol. Fören. Stockh. Förh. 56:214–218.
- 1933: *Nokkur orð um skeljalögin i Fossvogi*. Náttúrufræðingurinn. 3:82–88.
- 1934: *Quartärgeologische Studien von Island*. Geol. Fören. Stockh. Förh. 56:596–618.
- *News from Tjörnes (Ad interim)*. Skýrsla Hins ísl. náttúrufræðifél. 1933–34: 48–50.
- *Á Vatnajökli. Ferðasögubrot*. Lesbók Mbl. 9:185–187; 193–196.
- *Síðasta eldgosið i Vatnajökli, bráðabirgðaskýrsla*. Náttúrufr. 4:61–74.
- *Frá eldgosinu i Vatnajökli*. Samtiðin, 2. h. 1934, bls. 17–24.
- 1935: *Vatnajökulsferð. Litil ferðasaga*. Lesbók Mbl. 10:177–181.
- *Some Remarks on the Distribution of the Species Zirphæa crispata, L. and Purpura lapillus L. on the North-Coast of Iceland*. Vidensk. Medd. dansk naturhist. Foren. Kbh. 99:65–72.
- 1936: *Investigations at Grimsvötn, Iceland, 1934–1935*. The Polar Record. 11:45–47.
- *On the Last Eruptions in Vatnajökull*. Soc. Sci. Islandica 18. (55 bls. 10 myndasíður, 1 kort).
- *Bemerkungen zu der Abhandlung Prof. Konrad Keilhacks: Beiträge zur Geologie der nordwestlichen Halbinsel von Island*. Geol. Fören. Stockh. Förh. 58:111–112.
- 1938: *News from Snæfellsnes*. Skýrsla Hins ísl. náttúrufræðifél. 1937–1938: 51–58.
- *Um islenzk dýr og jurtir frá jökultíma*. Náttúrufr. 8:1–16.
- 1938: *Kvartärgeologische Studien auf Island II. Interglaziale Pflanzenablagerungen*. Medd. dansk geol. Foren. 9:300–319.
- 1939: *On Geological Investigations in Iceland and their Bearing on General Geology*. Le Nord 1939 — Nr. 2:177–186.
- 1941: *Tjörnes. Þáttur úr jarðmyndunarsögu þess. Ferðafél. Ísl. Árbók 1941. Kelduhverfi. Tjörnes; bls. 80–94.*
- 1942: *Nokkrar fornskeljar úr Hvítárbökkum i Borgarfirði*. Náttúrufr. 12:92–94.
- *Surtarbrandsnáman i Botni*. Náttúrufr. 12:144–148.
- *Dr. phil. Helgi Pjeturss, sjötugur*. Náttúrufr. 12:51–55.

- 1943: *Um útgáfu nýrrar Íslandslýsingar*. Náttúrufr. 13:114–118.
- 1944: *Allt er í heiminum hverfult*. Náttúrufr. 14:83–89.
- 1946: *Um gróðurmenjar í Þórisliðarfjalli við Selárdal*. Andvari 71:80–85.
– *Er hin smásæja Flóra surtarbrandslaganna vænleg til könnunar?* Skýrsla Menntaskólans í Reykjavík 1944–1946: 1–9 og 2 myndasiður.
– *A Contribution to the Geology of Kerlingarfjöll. A Preliminary Report*. Acta Nat. Islandica I, 2:1–15.
- 1949: *Kári Sigurjónsson †*. Náttúrufr. 19:6–8.
– *Dr. phil. Helgi Péturss †*. Náttúrufr. 19:97–109.
- 1950: *Nokkrar fornskeljar úr bökkum Þorskafjarðar*. Náttúrufr. 20:95–97.
- 1951: *Jakob Lindal †*. Náttúrufr. 21:87–89.
- 1953: *Nokkur orð um islenzkan fornflugl og fleira*. Náttúrufr. 23:133–137.
– *Elding veldur jarðraski*. Náttúrufr. 23:188–191.
- 1954: *Myndir úr jarðsögu Íslands II. Fáeinir plöntur úr surtarbrandslögnum hjá Brjánslæk*. Náttúrufr. 24:92–96 og 4 myndasiður.
- 1955: *„Þar var bærinn, sem nú er borgin“*. Náttúrufr. 25:122–132.
- 1956: *Pálmi Hannesson, rektor (In memoriam)*. Náttúrufr. 26:161–178 (Einnig prentað í Pálmi Hannesson: Mannraunir. 1959, bls. 7–27).
– *Myndir úr jarðfræði Íslands IV. Fáeinir plöntur úr surtarbrandslögnum*. Náttúrufr. 26:44–48 og 4 myndasiður.
– *Myndir úr jarðfræði Íslands V. Hálsögð saga og varla það úr Út-Fnjóska-dal*. Náttúrufr. 26:97–99 og 2 myndasiður.
- 1957: *Myndir úr jarðfræði Íslands VI. Þrjár nýjar plöntur úr surtarbrandslögnum í Þórisliðarfjalli*. Náttúrufr. 27:24–29 og 2 myndasiður.
- 1959: *Skeiðarárhlaupið og umbrotin í Grimsvötnum 1945*. Jökull 9:22–29.
- 1960: *Fossiliferous Zenoliths in the Móberg Formation of South Iceland*. Acta Nat. Isl. II, 3. 30 bls. og 2 myndasiður.
– *Pliocene and Pleistocene Fossiliferous Deposits. On the Geology and Geophysics of Iceland*. Ed. S. Thorarinsson, bls. 28–32.
– *Námsferð 5. bekkinga vorið 1960*. Skýrsla Menntaskólans í Reykjavík 1959–60, bls. 61–70.
Í handriti er ritgerð um jarðfræði Snæfellsness og sitt hvað fleira.

Sigurður Þórarinsson.



Jóhannes Áskelsson.